



# Hvatagreiðslur

Inga Dröfn Benediktsdóttir



**FJÁRMÁLAEFTIRLITID**

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Núgildandi reglur um hvatagreiðslur – MiFID1

Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

- Almenn krafa um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra í 8. gr. vvl.

Reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja

- Fyrirtæki telst ekki starfa í samræmi við lög ef það greiðir eða þiggur frá aðila öðrum en viðskiptavini, þóknun, umboðslaun eða ófjárhagslega umbun í tengslum við veitingu þjónustu, nema
  - viðskiptavinur sé upplýstur með fullnægjandi hætti,
  - það bæti þjónustuna sem viðskiptavinurinn fær og
  - kemur ekki í veg fyrir að fyrirtækið geti uppfyllt skyldu sína um að þjóna hagsmunum viðskiptavinar sem best


# Reglur um hvatagreiðslur í MiFID2

Mismunandi kröfur eftir tegund þjónustu

Ströngustu reglurnar gilda um:

- óháða fjárfestingarráðgjöf
- eignastýringarþjónustu

Þóknanir, umboðslaun og ávinningur einnig bundið ströngum skilyrðum vegna annarrar þjónustu



# Reglur um hvatagreiðslur í MiFID2

Stefnur, innri reglur og verklag vegna hagsmunaárekstra þarf að taka mið af hvatagreiðslum.

Sérstaklega vísað til hvatagreiðslna í almennu ákvæði um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra.

Gæta þarf að upplýsingagjöf til viðskiptavina.

# Reglur um hvatagreiðslur í MiFID2

Þjónusta, önnur en óháð  
fjárfestingarráðgjöf og eignastýring

# Hvatagreiðslur – þjónusta önnur en óháð fjárfestingar- ráðgjöf og eignastýring

Utan gildissviðs regnanna er:

- Kostnaður vegna vörslu
- Uppgjörs- og viðskiptaþóknanir
- Eftirlitsgjöld
- Þóknanir vegna lögfræðiþjónustu

Greiðslur sem gera verðbréfafyrirtæki kleift eða eru nauðsynlegar til að geta veitt fjárfestingarþjónustu.

# Hvatagreiðslur – þjónusta önnur en óháð fjárfestingar- ráðgjöf og eignastýring

## Meginreglan

Verðbréfafyrirtæki mega **ekki** fá greidda eða greiða

- þóknun
- umboðslaun
- ófjárhagslegan ávinning

öðrum en viðskiptavinum eða fulltrúa viðskiptavinar í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, nema...

## Undantekningin

- greiðslan sé fallin til þess að efla gæði þjónustunnar við viðskiptavininn,
- hún kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina þess og
- viðskiptavinur er upplýstur með fullnægjandi hætti.



# Hvatagreiðslur- óháð fjárfestingarráðgjöf og eignastýring

Almennir fjárfestar  
Fagfjárfestar  
Viðurkenndir gagnaðilar

Meginreglan:

- **Bannað** að taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum og fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi frá þriðja aðila

Undantekning:

- Taka má við og halda eftir **minniháttar, ófjárhagslegum ávinningi** sem:
  - eflir gæði þjónustunnar sem viðskiptavinur fær
  - kemur ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtæki uppfylli skyldur um að starfa með hagsmuni viðskiptavinar að leiðarljósi
  - viðskiptavinur er upplýstur um með skýrum hætti





# Hvatagreiðslur – óháð fjárfestingarráðgjöf og eignastýring

## Efling gæða

Viðskiptavininn er veitt aukaleg og meiri þjónusta, s.s.

- Óháð fjárfestingarráðgjöf
  - aðgangur að úrvali fjármálagerninga sem hæfa honum frá aðilum sem ekki eru í nánnum tengslum við verðbréfafyrirtækið
- Óháð ráðgjöf
  - árlegt mat á hæfi fjármálagerninga sem viðskiptavinur hefur fjárfest í
  - önnur reglubundin ráðgjöf sem hefur virði fyrir viðskiptavininn, t.d. um áskjósanlega eignadreifingu
- Aðgangur að úrvali fjármálagerninga á samkeppnishæfu verði
  - auk tóla og tækja sem hjálpa t.d. við fjárfestingarákvarðanir
  - auk reglulegra skýrsla um árangur, kostnað og gjöld
- Endurtekin hvatagreiðsla þarf að fela í sér áframhaldandi eflingu gæða fyrir viðskiptavin

# Hvatagreiðslur – óháð fjárfestingarráðgjöf og eignastýring

## Dæmi um minniháttar ófjárhagslegan ávinning

- Þátttaka í ráðstefnum, fyrirlestrum og öðrum fræðsluviðburðum um ávinning og eiginleika tiltekins fjármálagernings eða fjármálaþjónustu
- Hófleg risna, s.s. matur og drykkur, á viðskiptafundi eða ráðstefnu, fyrirlestri eða öðrum fræðsluviðburði
- Upplýsingar eða skjöl um fjármálagerning eða fjárfestingarþjónustu sem eru almenns eðlis eða er aðlagað þannig að það endurspeglar aðstæður tiltekins einstaklings
- Annar ávinningur sem er álitinn geta eflt gæði þjónustu og er í þeim mæli og af þeim toga að ólíklegt er að hann komi í veg fyrir að fyrirtækið uppfylli skyldu þess til að starfa í samræmi við hagsmuni viðskiptavinarins

# Hvatagreiðslur í formi greininga

Sérstakar reglur um hvatagreiðslur í formi greininga

Verðbréfafyrirtæki getur mótttekið greiningar í tengslum við veitingu eignastýringarþjónustu eða annarrar þjónustu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum

- Greitt er fyrir þær úr eigin vasa verðbréfafyrirtækis
- Greitt er fyrir þær úr greiningarsjóði, sem verðbréfafyrirtækið ber ábyrgð á, sem er fjármagnaður í gegnum sérstök greiningargjöld frá viðskiptavinum

**Kaup á greiningum skulu lúta viðeigandi stjórnækjum og eftirliti**

# Hvatagreiðslur í formi greininga

## Kröfur um upplýsingagjöf til viðskiptavina

- Samantekt til Fjármálaeftirlitsins og viðskiptavina

## Greiningargjöld

- Verða að byggja á áætlun verðbréfafyrirtækis um kaup á greiningum
- Ef rukkuð með öðrum gjöldum þarf að sundurliða
- Mega ekki taka mið af fjölda viðskipta eða verðmæti viðskipta viðskiptavinar
- Upplýsa um gjöldin í eignastýringarsamningi eða almennum viðskiptaskilmálum

# Spurningar?

---



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND